

Með reglugerð þessari, sem sett er samkvæmt lögum nr. 68/1934, um útvarps-**28** rekstur ríkisins, sbr. l. nr. 64/1939 og lög nr. 25/1943, um breyting á þeim lögum, 18. apríl er úr gildi felld reglugerð nr. 129 frá 21. desember 1944 og viðaukar við þá reglugerð, dagsettir 2. september 1949 og 11. apríl 1953.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. apríl 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

29

7. marz

1. gr.

Töluliðir 6 og 14 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
 1. janúar—15. maí
 1. september—31. desember
14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður
 1. febrúar—31. maí
 1. október—15. desember

2. gr.

Töluliður 6 í c-lið 3. gr. orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
 15. febrúar—11. maí
 1. september—31. desember

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 7. marz 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.